

Ed. **985. Frumvarp til laga** [270. mál]
um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila
fyrir börn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

1. gr.

Aftan 1. gr. komi ný málsgrein:

Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um
markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er
að uppeldis- og skólamálum vinna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.